
Kannv. J. M. Thórarensen

Tvö vinakvæði.

Rv. 1857.



296

[illegible]

RŒÐUR,

FLUTTAR, 5. D. JÚLÍM. 1856,

VIÐ ÚTFÖR

MADAME

RANNVEIGAR J. M. THÓRARENSEN,

fœddrar SIVERTSEN.

Gefnar út

af ekkjumanninum,

sjera ST. THÓRARENSEN.

LANDSBÓKASAFN

REYKJAVÍK.

Prentaðar í prentsmiðju Íslands, hjá E. Þórðarsyni.

1857.

I.

HÚSKVEÐJA,

flutt af sjera **Skúla Gíslasyni**, presti, frá **Stóra-Núpi**.

Sorglegur atburður hefur kallað oss hingað, og sorglegt verk höfum vjer fyrir hendi, að fylgja henni frá þessu húsi, sem nú skilur við það til fulls, að fylgja henni þangað, sem hún verður hulin fyrir augum vorum og vjer sjáum hana aldrei framar hjer á jörðu. Oss fellur það þungt, að skiljast við þá, sem vjer elskum; en lengri skilnað gjörir enginn heldur en dauðinn, og ef hann ber snögglega að hendi, þegar vjer eigum sízt von á, að hann svipti oss þeim, sem vjer viljum ekki missa, þá verður bölið oss sárast, því vjer sviptumst þá gleði vorri allt í einu, og minning hennar eykur harminn yfir því mótlæti, sem á liggur. Og hjer á þetta sjer stað; því fyrir skömmum tíma var hún alhress, sem nú liggur hjer látið lík fyrir augum vorum, og þá hjúkraði hún honum veikum, sem nú syrgir hana látna, og sem missir hennar snertir sárast, af því hann var tengdur henni **nánari** böndum, en börnin — eptir ráðstöfun guðs sjálfs — eru tengd **föður** og **móður**; af því hún var

honum innilegri og hjartkærari, en nokkur annar maður gat verið, svo enginn getur bætt mein hans, nema sá, sem bætir allt. Foreldrar syrgja ástríka dóttur, sem var prýði húss þeirra, hafði svo lengi tekið þátt í sorg þeirra og gleði, og aldrei komið fram nema til góðs. Vandamenn og vinir trega hana, því hún umgekkst þá með stillingu og blíðlyndi. Já, hver, sem til hennar þekkti, má trega hana, því hann gat lært gott af henni; eða er það ekki lærdómsríkt, að sjá sakleysi og ljúflyndi sameinað við menntun og kurteisi, þar sem sitt tekur svo opt hverja stefnuna? Verður það ekki að gleðja hvern þann, sem getur glaðzt yfir nokkru góðu, að heyra annars ekki getið nema að góðu, nema að siðsemi í heimi þessum, þar sem nógir eru til að ræna oss sakleysinu, og hafa svo opt sigri að fagna; en nógu margir eru líka til að kasta hinum fyrsta steini á oss, þegar það er misst, og gjöra þeim ómögulegt að standa aptur á fætur, sem eru fallnir? Guðs barn er í þessum heimi, eins og vatnslind á eyðimörku, sem gefur ferðamanninum styrk, svo hann örmagnist ekki; hann svalar sjer, heldur svo áfram og lofar guð, sem gaf hana; þannig megum vjer lofa guð fyrir sjerhvern bróður eða systur, sem styrkir oss með dæmi sínu, og það er ætíð sorgarefni, að missa þá, sem svo eru; en guð gefur öllum þeim, sem á hann vona, styrk til að sigra allt, svo þeir hafa gleði sína hjá guði þó þeir gráti, þegar vonarlaust harmakvein, eða vonarlaust tilfinningar-

leysi bugar þá, sem leita huggunar hjá heiminum eða sjálfum sjer, og ekki hjá guði. Guð er trúr, og freistar einkis yfir megn fram, hann gjörir þeim dauðann að lífi, sem á hann vona, hvort sem þeir eiga sjálfir að leysast hjeðan, eða sjá sínum á bak inn í eilífðina.

Vjer syrgjum þig, framliðna systir! af því vjer erum veikir; það var vor ósk, að þú værir, þegar faðir vor allra vildi, að þú færir; það var ósk vor, að guð blessaði þig sem húsmóður og móður, að guð gæfi þjer færi og tíma, til að standa í þeirri stöðu, sem þú varst kölluð til, og láta ljós það, sem hann hafði gefið þjer, lýsa fyrir mönnum. En vjer vitum ei, hvers biðja ber; guði, sem veit allt, hefur nú þóknazt að láta von vora ekki rætast, því þessi von var bundin við þennan heim, en það er einungis von hins eilífa, sem aldrei bregzt, og hver er svo djarfur að segja, að vor framliðna hafi ekki eins fyrir það, fullkomnað það verk, sem guð hafði ætlað henni að vinna? Sá, sem ekki hefur gjört sig nafnkunnan af þeim verkum, sem heimurinn heldur á lopt, hefur opt framkvæmt meira í guðs augliti, en sá, sem er öllum kunnur fyrir stórkostlegar framkvæmdir, því guð sjer það, sem mennirnir hvorki geta sjeð, nje vilja sjá, og hann mun opinberlega endurgjalda það, sem hefur dulizt fyrir öðrum. Þegar vjer erum þroskaðir til hins eilífa lífs, veitir hann oss það, en undir því er öll vor velferð komin, að vjer sjeum hæfir, þegar kallið kem-

ur, að vjer sjeum svo ánægðir með ráðstöfun guðs, að vjer möglum hvorki nje kveinum, og þetta hugarfar hafði hin framliðna tamið sjer; guð hafði gefið henni, að taka því, sem að höndum bar, með stillingu og spekt, gefið henni blítt og viðkvæmt hjarta, svo henni fjell það ljett, sem mörgum fellur svo þungt, að afneita sjálfri sjer, og lifa fyrir þann, sem guð hafði tengt henni, að álíta hans velferð sína velferð, og hans mótlæti sitt mótlæti; en hvað gjörir oss að guðs börnum, ef það er ekki þetta hugarfar? því þá erum vjer mest virtir fyrir guði, þegar vjer þjónum öðrum, en ekki sjálfum oss, álítum sjálfa oss skapaða fyrir aðra, en ekki þá fyrir oss. En hver bindur líka hjörtu vor fastara að sjer, en sá, sem hefur þetta hugarfar? því guð blessar þá helzt með elskunni, sem ekki beita valdinu, hann veitir þeim það vald, sem heimurinn þekkir ekki, og engar sögur fara af, en sem þó megnar meira og hefur blessunarríkari ávexti, en það veldi, sem allir verða að lúta og enginn elskar. Það er guðs gjöf, að geta látið slíka elsku í tje hjer í heimi; en elskan til guðs er undirrót hennar, þess vegna þráir hún himininn, því þar hefur hún sigrað allar hindranir, og getur ekki lengur bugazt af neinu; hún getur ekki bundið neinn við heiminn, því þar getur hún aldrei neytt sín til fulls. Það getur opt kostað stríð, þó ekki beri á, að lifa öðrum, og stunda lífs og sálar velferð þeirra; mæðu og sorg ber þá líka að höndum, því fleira er þungt, en á

sjálfum liggur, og umbun kærleikans getur aldrei alveg verið hjerna megin, því hinn innri maður vor verður sjaldan rjett metinn af öðrum; vjer skammsýnir menn dæmum helzt eptir hinu ytra, getum ekki ætíð notið þess, sem einn hefur bezt að bjóða, og heimtum opt meira, en nokkrum er unnt að láta í tje. Samfjelag kærleikans á ætíð við einhverjar hindranir að stríða hjer á jörðu, og svo verður það að vera, því annars mundum vjer ekki óska neins æðra, en þessa lífs; en þannig vekur guð með kærleikanum í þessu lífi löngun til eilífs lífs, þar sem hið góða hrindir öllum tálmunum frá sjer og brýzt fram hindrunarlaust; guð lætur þar allt, sem hann hefur gefið, fá tækifæri til að fullkomnast, og allt, sem vantar í þessu lífi til þess, að vjer getum framkvæmt það góða, sem vjer vildum, veitist þá í ríkulegum mæli. Þessi löngun og von gefur styrk til að lifa, og fögnuð í dauðanum; hún hefur hið eilífa fyrir mark sitt og mið, og þess vegna upp fyllist hún fyr eða seinna, hve nær sem guð sjer það börnum sínum fyrir beztu, því *hann er trúr, og freistar einkis yfir megn fram.*

Og þó syrgjum vjer, af því vjer erum veikir, en vjer þökkum þjer, himneski faðir! fyrir þennan veikleika vorn; það er þín gjöf, að vjer getum elskað fleiri en sjálfa oss, að vjer söknum þeirra, sem vjer elskum, en getum undir eins látið huga vorn fylgja þeim til þín; vjer þorum að syrgja, því þú gefur oss styrk til að sigra sorgina; vjer fegrum

ekki dauðann fyrir oss, vjer svæfum ekki tilfinninguna fyrir skelfingu hans, vjer vitum, að hann er verðlaun syndarinnar, bæði sjálfra vor og annara. Þú hefur skapað oss til lífsins, og gafst oss anda fyrir eilífðina, og því hryllir oss við hinu hræðilega stríði milli lífs og dauða, þegar allt það, sem oss er gefið, hverfur og bugast fyrir líkamans sjónum, og ekkert verður eptir, nema líkið, sem sver sig í ætt við duptið; og sárast bítur dauðinn á oss, þegar hann ræðst á lífið, meðan það er í fullu afli, og brýtur það allt í einu niður. En guð hefur sent oss þann, sem gekk á móti dauðanum í hinni óttalegustu mynd hans, og sigraði hann, og hefur gefið öllum, sem á hann trúa, krapt til að sigra dauðann, þó hann eyðileggi hina jarðnesku tjaldbúð. Sá, sem gaf oss tilveruna, lætur ekki verk sitt verða að engu, því honum er ekki um megn, að viðhalda sínu egin verki, honum er ekki ómáttugt, að græða dauðans mein, heldur en önnur, og hann finnur bein vor, þó þau sjeu orðin að dupti. Hver mun gefa hinum visnu beinum líf, nema þú, drottinn! þegar þú lætur það almættisorð þitt hljóma: „Kom, lífsandi, og les þig inn í þessa dauðu, svo þeir lifni við“. Hver mun ljetta hinni þungu moldarblæju, er vjer breiðum ofan á hina framliðnu, nema þú, drottinn! þegar lúðurinn hljómar, og þeir, sem í gröfunum eru, heyra rödd sonar þíns, og verða hrifnir fram fyrir dómstól hans? Þú hefur þannig, guð minn! látið bætur liggja til alls, líka þess,

sem þyngst er, og þó líturðu í náð til þeirra, sem gráta þá, sem þeim eru kærastir, þegar þú tekur þá til þín, ef gráturinn kemur af hreinu hjarta og hreinum söknuði, og gleymir ekki virðingunni fyrir þjer og elskunni til þín; þú ert þá athvarf þess, sem grætur, og minnist miskunar þinnar í mótlæti hans; þú græðir, af því þú hefur slegið, gleður, af því þú hefur grætt; að kvöldi gengur grátur í garð, að morgni hefst gleðisöngur; hann hefst, þó ekki sje fyr en að morgni eilífðarinnar; hann er þá fyrirbúinn öllum guðs börnum, og sá morgun er mjög nærri; ein draumlaus nótt liggur milli hans og vor; það er er ekki nema ein nótt, sem skilur nú á milli syrgjandi ástvina og hinnar látnu; hún er sofnuð, og vöknuð hjá guði. Ó! látið þá á sannast, að þjer hafið haft hana kæra, að söknuður yðar sje ekki geðshræring, sem rís upp um stund og hjaðnar svo aptur; látið það á sannast með því, að láta hana taka huga yðar með sjer til guðs, svo þjer gangið í ljósinu meðan dagurinn vinnst, sofnið í friði, þegar nóttin fellur yfir og enginn getur unnið, en vaknið hjá guði, sem þá mun sameina það, sem var skilið um stund, og þó ekki skilið, ef hugur vor nálægir sig guði, því guð er alstaðar nálægur, og hjá honum eru allar hreinar sálir hver annari nálægar, hvort sem þær hafa slitið líkamans bönd, eða stynja enn þá í þeim, og vona með áhyggjusamlegri eptirvæntingu eptir frelsi guðs barna. Þú, sem nú syrgir ástkæra konu, jeg veit, að aðrir

geta ekki vitað, hversu mikils þú hefur að sjá á bak, ekki getið þess nærri, hvað mikið þú hefur að bera, því þó margir hafi reynt sama, stendur þó aldrei eins á fyrir neinum, því hugur vor er margbreyttur, og sorgin fer með sínu móti að hverjum. Ef eitthvað bjátar á, getum vjer sjálfir sjaldnast sagt til harma vorra, og mennirnir sjaldan ráðið bót á þeim, þó þeir vildu; það, sem þeir opt gjöra í bezta skyni, getur skemmt, en ekki bætt, en guð veit, hvað að oss gengur, betur en vjer sjálfir; honum er það ljóst, þó oss sje það óljóst, og hann veitir þeim öllum huggun, sem leita hans. Hann mun líka minnast þín, ef þú leitar hans huggunar, og til annars hefur þú ekki að leita, og enginn vor; þegar hann er með oss, verður sorg og gleði oss til blessunar; hann veri með þjer, og láti sorg þína verða þjer til blessunar! Allir þjer, sem nú harmið hina framliðnu, leitið huggunar hjá hinum ósýnilega guði, og á hinu ósýnilega landi hinna lifendu, því þar er hennar að leita, sem þjer syrgið; þar eru engin tár, ekkert kvein og enginn dauði; sá, sem stefnir þangað, skal ekki smakka dauðann að eilífu; þess fleiri sem æfidagarnir verða, þess yngri verður hann, því hver dagurinn færir hann nær hinni eilífu æsku. Jörðin hefur enga huggun að bjóða, nema þögn grafarinnar, sem er grátlaus, af því hún er líflaus, og sem alla hryllir við, ef þeir eru ekki þegar dauðir, áður en sálin skilst við líkamann. Vjer syrgjum, ekki af því vjer þráum

gröfina, en vjer syrgjum, af því vjer þráum sigurinn yfir gröfinni og dauðanum, af því vjer þráum eilíft líf; en vjer syrgjum líka, af því vjer erum veikir, veikir í trúnni á hinu ósýnilega, svo dauðinn, sem vjer höfum fyrir augunum, skyggir á lífið, sem vjer sjáum ekki, en sem vjer vitum að guð hefur oss fyrirbúið, og höfum því vissa von um; og þó mun guð láta þennan efa verða að vissu, ef hann kemur einungis af breyskleika vorum, því hann þekkir breyskleika vorn; hann mun láta hryggðina snúast í gleði, ef hryggðin vill láta hann stjórna sjer, því hann þekkir ístöðuleysi vort, en hann er trúr, og freistar einkis yfir megn fram.

Stundin er komin til að kveðja þig, vor framliðna! Stundin er komin til að fylgja þjer úr þessu húsi í guðs hús, til að leita huggunar í guðsorði, og fylgja þjer svo að reiti grafarinnar, og sá hveitikorninu í guðs akur; en vjer erum vissir um, að hinn mikli uppskerumaður muni ekki gleyma því á hinum seinasta uppskerudegi, erum vissir um, að vjer sjáum þig aptur í hinu mikla föðurhúsi á himnum, í borg guðs lifanda, þegar öll börnin safnast að föðurknjánum; þar mun eilíf samvist bœta stuttan skilnað, og þaðan munum vjer aldrei fara. Vjer komum til þín, en þú ekki til vor. Látum oss þá ganga hjeðan; það ljettir oss þennan gang, að vjer vitum að frelsi vort nálægist. Amen.

II.

LÍKRŒÐA,

flutt í Hraungerðiskirkju
af
sjera J. K. Briem,
prófasti, frá Hruna.

Veröldin líður undir lok og hennar lysting, en sá, sem guðs vilja gjörir, lifir að eilífu. Lát oss, ó drottinn! aldrei gleyma þeim lærdómi, sem liggur i þessum orðum, svo að vjer aldrei verðum án þeirrar huggunar, sem einnig í þeim er; lát oss aldrei gleyma, að þessi heimur, og allt, sem í honum lystilegt þykir, líður undir lok, og það af því, sem oss hefur verið veitt, það getum vjer misst, þá minnst vonum varir. En lát oss heldur aldrei gleyma, að þó heimurinn, og allt, sem í honum er, líði undir lok, þá lifir þó sá að eilífu, sem þinn vilja gjörir. Ó, hjálpa oss, himneski faðir! að vjer ætíð höfum þinn heilaga vilja í huga og hjarta, og ætíð leitumst við, að breyta eptir honum, svo að bæði vjer, hvað helzt sem í þessu lífi kemur fram við oss, og svo vinir vorir eptir vorn dag, geti huggun haft af því huggunarríka fyrirheiti: sá, sem guðs vilja gjörir, lifir að eilífu. Amen.

Sorglegur atburður hefur safnað oss saman, og vjer, sem hjer erum saman komnir tökum án alls efa allir hlutdeild í sorg þess vors bróður, sem hjer hefur misst ástkæra konu, í sorg þeirra for-

eldranna og systkinanna, sem trega elskaða dóttur og systur. En þó sorg sje í huga vorum, þá syrgjum vjer þó ekki eins og þeir, sem enga von hafa, og vjer viljum ekki láta hugann hvarfla hingað og þangað, svo sem villtan vega, heldur viljum vjer halda honum við veginn, þann veginn, sem undir eins er sannleikurinn og lífið, þann veginn, sem leiðir í allan sannleika og til hins sanna lífs. Ó, gjörum vjer það af alvöru, þá styrkist í oss vonarinnar vissa og trúarinnar traust, en því vissari sem vonin er, og því traustari sem trúin er, því meir og því betur finnum vjer krapt huggunarinnar í hjörtum vorum. Að vísu finnur sá, er sjer heldur til hans, sem er vegurinn, sannleikurinn og lífið, að vísu finnur hann, ekkert síður en aðrir, til þess, sem mæðulegt er í mannanna lífi; að vísu brjótast andvarpanir fram af brjósti hans, er hann íhugar, hversu allt í heiminum er óstöðugt, og hversu það líður undir lok; að vísu fram knýjast tár af augum hans, þegar hann verður fyrir miklum missi, og sorg og söknuður sækir hann heim; en huggunin er honum þó ætíð harðla nærri, og á honum rætist það, að þegar þörfin er mest, þá er hjálpin og huggunin næst. Þess vegna, látum oss leita hans, og halda oss til hans, sem er vegurinn, sannleikurinn og lífið, í öllum þessa lífs hörmum, einnig í þeim, sem nú eru oss næstir. Ó, hversu margt hefur hann oss kennt og kenna látið, það, er oss má hugga í hörmum vorum, það, er oss má styrkja í stundar-

stríði voru hjer í heimi. Vjer höfum þegar minnt oss á eitt, vjer höfum minnt oss á þau lærdómsríku og huggunarríku orð: „Veröldin líður undir lok, og hennar lysting, en sá, sem „guðs vilja gjörir, lifir að eilífu“. (1. Jóh. 2, 17.) Látum oss gefa gætur að þessum orðum oss til lærdóms og huggunar.

Veröldin líður undir lok og hennar lysting. Hver er sá, sem það ekki viti? hver er sá, sem ekki hafi reynt, hversu fallvalt og forgengilegt það er, sem oss í heiminum veitist, ekki einungis allt heimsglysið og öll hans fordild, ekki einungis það, sem lítils vert er í sjálfu sjer, heldur einnig það, sem mikils vert er í rjettri raun, einnig það, sem vjer með fullum sanni köllum guðs góðar gáfur? Lífið er sú dýrmætasta gjöf, sem guð hjer gefur oss; en hversu fallvalt og forgengilegt reynist opt þetta jarðneska líf, eins þar, sem ekki leit út til þess, að það mundi verða svo fallvalt, og svo er varið öllu, sem oss er gefið af þeim jarðnesku gæðum; já, þó vjer hefðum á einhverju enn meiri mætur, þó eitthvað væri oss enn kærara, en vort eigið líf, þá gætum vjer ekki haldið því að heldur, heldur hljótum vjer á tilsettum tíma við það að skilja. Þetta vita allir; reynslan kennir það svo ómótmælanlega, að enginn getur um það verið í nokkrum efa; og þó erum vjer svo opt á það minntir í heilagri ritningu, þó er það svo opt tekið fram í guðs heilaga orði, hversu að lífið sje

fallvalt, og allt annað, sem í heiminum er, forgengilegt. Til hvers mun þetta, sem reynslan svo ómótmælanlega, og opt svo tilfinnanlega kennir, til hvers mun það svo opt vera tekið fram í guðsorði, og vjer svo opt á það minntir? Til þess, að vjer gefum gætur að því optar en þá, þegar reynslan færir oss sanninn heim; til þess, að vjer athugum það, áður en vjer sjálfir verðum að reyna það; til þess, að missir og mæða ekki komi oss óvart, ekki hitti oss óviðbúna.

Þegar guðsorð setur oss þetta fyrir sjónir, hversu allt er fallvalt og forgengilegt, hversu að veröldin líður undir lok, og allt, sem í henni er, öll hennar lysting, allt, sem oss í henni lystilegt, ágætt og ákjósanlegt þykir, þá áminnir það oss undir eins: elskið ekki veröldina, bindið ekki hjarta yðar við heiminn, ekki heldur við þá hluti, sem í heiminum eru. Ó, sannlega er það skylt, að vjer gleðjumst af, og þökkum guði allt hið góða, sem hann veitir oss, en það ber oss þó jafnan að hafa í huga, að þessa heims gæðin, þau gæðin, sem oss einungis hjer í heimi er ætlað að njóta, eru fallvölt og forgengileg, eins þau, sem oss eru allra dýrmætust; svo er vort eigið líf, svo er líf þeirra, sem oss eru kærir, svo eru samvistir vor og þeirra, sem vjer elskum.

Þannig undirbýr guðs orð oss og til býr, að vjer verðum, svo sem oss vera ber. Það gefur oss tilefni til að hugleiða það, sem reynslan kennir

og minnir oss á, við hverju vjer megum búast, svo að vjer sjeum við búnir, hvað sem að höndum ber. En þó vjer vitum, hversu fallvalt og forgengilegt allt er, þó vjer viljum, eins og guðsorð kennir oss, vera viðbúnir að bera hvað helzt á oss leggst, þá getur söknuðurinn samt orðið sár, og sorgin þungbær, þegar vjer missum það, sem oss er kærast af öllu. En hann, sem er vegurinn, sannleikurinn og lífið, hann skilur ekki við oss á miðjum vegi, heldur leiðir hann oss alla leið, þangað sem vjer finnum hvíld; hann fer ekki frá oss, þá vjer höfum lært að þekkja þann sorglega sannleikann, heldur leiðir hann oss í allan sannleika, og kennir oss að þekkja einnig þann gleðilega sannleikann. Hann yfirgefur oss ekki án huggunar í hörmum vorum, heldur gefur hann oss þá huggun, sem enginn annar og ekkert annað getur oss gefið. Víst að sönnu líður veröldin undir lok, og öll hennar lysting, einnig sú lysting, sem sá, er syrgir, hefur á því að syrgja, því sá, er syrgir, hefur ekki lystingu á glaum og gleði, heldur á sorg og söknuði, og honum finnst það nokkurs konar svölun fyrir sálu sína, að hugsa um það, sem vekur harma hans aptur og aptur. Víst að sönnu líður einnig þessi lysting undir lok, þá frá líður, og sorgin missir sinn sárasta brodd; en þessi sefun sorgarinnar er engin huggun, heldur er þetta dofnun tilfinninganna, sem engan veginn er huggunarleg. En um leið og guðsorð minnir oss á allra hluta fall-

valtleik, um leið og það minnir á, að vjer eigum að vera viðbúnir að missa hvað helzt, sem oss er gefið á þessari jörðu, þá gefur það oss undir eins, oss til sannrar huggunar, hin huggunarríkustu fyrirheiti, svo sem þetta er: Sá, sem guðs vilja gjörir, lifir að eilífu. Ó að þetta fyrirheiti hjá oss hefði sinn fulla krapt. Hversu mikil huggun liggur í þessu fyrir oss, þegar vjer hjer missum þá, sem oss eru kærir, og sem vjer vitum að höfðu vilja og viðleitni á, að gjöra guðs vilja? Hversu hugann hreystandi og kraptinn styrkjandi í lífsins erfiði og mæðu, hversu uppörfandi oss, til að bera vora byrði þolinmóðlega, og vinna vort verk trúlega, eptir guðs vilja, er þetta, að vjer þá megum hafa þess vissa von, að fá að lifa að eilífu, — því það, að lifa að eilífu, það er sama sem að vera sæll eilíflega, að njóta í guðs himneska dýrðarríki þeirrar eilífu sælu, sem guð hefur sínum útvöldu frá upphafi fyrirbúið.

Hvað getur verið huggunarríkara, en sú von og trú, að þeir, sem vjer elskum, sjeu þessarar sælu njótandi orðnir, og að einnig vjer munum hennar hluttakandi verða, sú von og trú, að sjálfir vjer og vorir sælu vinir munum verða samarfar í lífsins náðargjöf, munum í sömu sælu saman lifa eilíflega. Guð, vor himneski faðir, gefi oss öllum lífsins náðargjöf! Hann gefi það, að vjer og vorir vinir, já, að allir vjer, sem hjer hljótum, og opt svo skyndilega, að skilja, aptur söfnumst saman í

hans sæluríki. Ó, brœður mínir elskanlegir, látum ekki vanta það, sem af oss út heimtist til þess, að þessi vor ósk og bœn geti uppfyllt orðið; gefum gætur að, hverjum fyrirheitið er gefið: „Sá, sem guðs vilja gjörir, lifir að eilífu“. Svo leggjum þá, samkristnir brœður og systur! alla ástundun á að gjöra guðs vilja, upp á það, að vjer verðum fyrirheitisins hluttakendur, getum þessa heims huggað oss við, en annars heims öðlazt það, sem það lofar. Vissulega, þess betur, sem vjer þetta gjörum, þess grundvallaðri verður von vor, og þess óbilugri huggun höfum vjer bæði í lífi og dauða af þessu huggunarríka fyrirheiti: Sá, sem guðs vilja gjörir, lifir að eilífu. Lífsins þrengingu munum vjer þá álíta bæði skammvinna og ljettbæra, er vjer lítum til þeirrar yfirgnæfanlegu eilífu dýrðar, sem á síðan mun oss augljós verða, og dauðann munum vjer þá álíta svo sem lífsins dyr, svo sem inngang til hins eilífa lífsins. Allt þetta munum vjer gjöra í traustri trú til hans, sem oss kenndi að þekkja veginn, sannleikann og lífið, til hans, sem lífið og ódauðlegleikann í ljós leiddi, til hans, sem kenndi oss að þekkja guðs vilja, kenndi oss, hvernig vjer í þessum heimi lifa ættum guðs vilja samkvæmt, svo að vjer í öðrum heimi mættum njótandi verða þess eilífa lífsins, sem hann hefur í ljós leitt og oss afrekað. Hans vegna getum vjer þá, bæði með tilliti til þeirra vorra vina, sem á undan eru farnir, og svo til

sjálfra vor, sigri hrósandi sagt: Dauði, hvar er þinn broddur? gröf, hvar er þínn sigur? lofaður veri guð, sem oss gefur sigurinn fyrir drottin vorn, Jesúm Krist.

Veröldin líður undir lok og hennar lysting, einnig það ágætasta og dýrmætasta af þessa heims gæðum. Hjer er einn þess talandi vottur — talandi, þó varirnar þegi, — talandi til hjartna vorra, því þessi vor sofnaða systir, hverrar líf svo fljótt leið á enda, hafði margt það til að bera, sem lífið ágætir, og sem dýrmætt má vera þeim, er það þekktu, og sjer í lagi þeim, er henni næstir stóðu. — Látum oss hjer líta yfir líf hennar, minnast hinna helztu atriða lífs hennar, að því leyti þau eru oss kunnug.

Prestskonan sáluga **Rannveig Júlíana Margrjet Thórarensen** var fædd í Reykjavík 27. dag októbermánaðar 1820. Foreldrar hennar voru kaupmaður Sigurður Sivertsen, Bjarnason, riddara, og kona hans, madáme Guðrún Guðmundsdóttir Thordersen, alsystir biskups vors, herra Helga; og eru báðar ættir hinnar framliðnu þannig þjóðkunnugar. Madame Rannveig sáluga ólst upp hjá foreldrum sínum, sem, eins og alkunnugt er, ekkert spöruðu til þess, að afla börnum sínum þeirrar menntunar og menningar, sem kostur var á. Eptir að þau höfðu aflað þessari dóttur þeirrar menntunar, sem henni varð aflað hjer, sigldu þau með hana til Kaupmannahafnar árið 1833, og komu henni

þar fyrir til kennslu á góðum stað, þar sem hún dvaldi rúmlega $2^1/_2$ ár. Nam madame Rannveig sáluga á þessum árum margt og mikið, bæði í bóklegum menntum og ýmsum hannyrðum, og varð í hvorutveggja þessu sjerlega vel að sjer. Í tungumálum kunni hún, til dœmis að taka, auk íslenzku og dönsku, bæði þýzku og frakknesku, og þó bezt ensku, sem hún talaði fyrirstöðulaust við útlenda menn. Í sönglyst og hljóðfœraslætti var hún og afbragðsvel að sjer. Árið 1836 kom hún aptur til landsins, og var eptir það hjá foreldrum sínum, þangað til 1855; kenndi hún á þessum árum mörgum stúlkum ýmsar kvennlegar listir. 1854 giptist hún prestinum, sjera Stefáni Thórarensen, sem nú, eptir ekki fullra 2 ára samveru, varð að sjá henni á bak. Í fyrra sumar seint fluttu þessi ungu hjón sig hingað að Hraungerði; en áður en árið var liðið, urðu þau að skilja; snemma í næstliðnum mánuði tók hin framliðna þungan sjúkdóm, sem dró hana til dauða eptir $2^1/_2$ viku legu. Hún andaðist, eins og oss er kunnugt, fyrra mánudag, 23. dag júnímánaðar 1856.

Svo fallvalt reyndist hennar jarðneska líf. Og hversu opt reynist það ekki svo? Hversu margur hefur mátt segja, eins og Ezekías: „á miðjum degi míns lífs hlýt jeg að ganga í gegnum dauðans dyr; — þú endar daginn fyrir mjer, áður en kveldið er komið". Og að vísu er þetta sorglegt fyrir þá, sem eptir lifa, en þó einkum og allra helzt þá, þegar

þeir einnig að öðru leyti hafa eptir miklu að sjá, þegar þeir missa það, sem þeir töldu líf síns lífs, síns lífs mestu og beztu gleði. Því meiru sem eptir er að sjá, því meiri verður sorgin og söknuðurinn; og vjer getum vel getið nærri og tekið þátt í sorg þinni, sorgmœddi ekkill! því vjer vitum það, að þú átt eptir miklu að sjá, að þú hefur misst ástúðlegustu konu, sem var lífs þíns mesta og bezta gleði. Vjer vitum það, að þessi framliðna var gœdd mörgum góðum gáfum, að hún var mæta-vel að sjer í mörgum greinum, og mörgum mannkostum búin; að hún hafði næmustu tilfinningu fyrir því, sem fagurt er og gott; að hún hafði til að bera mikla stillingu og staðfestu; að hún var trygg og trúföst vinum sínum, ástrík við þá, er hún unni, og góðsöm við alla. Vjer vitum það, sem mest er um vert, að hún vandaði allt sitt ráð í öllu sínu framferði, eins og guðs vilja er samkvæmt. Vegna alls þessa er vissulega eptir miklu að sjá; en vegna þess höfum vjer líka þá vissu von og traustu trú, að hún sje fyrirheitisins hluttakandi orðin, að hún nú lifi eilífu lífi í eilífri sælu. Og þess vegna, kæri vinur! þó mikill sje missir þinn, þá minnstu guðs fyrirheitis, og huggaðu þig við, að sá, sem guðs vilja gjörir, lifir að eilífu. Huggunarinnar guð gefi þjer, og öllum, sem hana syrgja, og hennar sakna, hjer við að huggast, og svo að lifa, að þó þeir nú skilji við

hana með sorg, þá megi þeir hana aptur í fögnuði finna, og með henni lifa að eilífu.

Látum oss, brœður mínir! oss, sem nú höfum hjer fyrir augum þennan vott þess, hversu að hið jarðneska lífið er fallvalt, og öll þess gœði, og allt þess ágæti forgengilegt, látum oss öllum þetta sagt vera: Veröldin líður undir lok, og hennar lysting; búumst ekki við öðru, en að vjer, og má ske þá minnst vonum varir, megum missa það, sem oss er kærast á jörðunni. Búumst ekki við öðru, en að sjálfir vjer, og má ske þá minnst vonum varir, megum skilja við heiminn, og við allt það, sem í honum er. En látum oss líka þetta sagt vera: Sá, sem guðs vilja gjörir, lifir að eilífu. Undir búum oss, að vjer, þegar vjer hjer við skiljum, fáum að lifa að eilífu, fáum öðlazt hið eilífa lífið; undir búum oss með því, á þeim dögunum, sem enn gefast oss, að gjöra guðs vilja; undir búum oss með guði þóknanlegu líferni, svo að vjer sjeum viðbúnir, þegar kallið kemur, og getum gegnt því með gleði, með gleði af þeirri von og trú, að vjer, fyrir verðskuldun frelsara vors, munum fá með honum og öllum útvöldum að lifa að eilífu. En þú, vor góði guð og faðir! hjálpa oss til að undir búa oss þannig. Lof og þakkir sjeu þjer fyrir alla þá huggun, sem þú veitir oss í lífsins hörmum, og fyrir þann styrk, sem þú gefur oss í lífsins stríði. Lof og þakkir sjeu þjer fyrir það þú hefur gefið oss þau dýrðlegu fyrirheiti, sem fullvissa oss um,

að sá, sem þinn vilja gjörir, lifir að eilífu, að dauðinn er lífsins dyr, inngangur til hins eilífa lífsins fyrir alla þá, sem þinn vilja gjöra og þinnar velþóknunar leita. Hjálpa oss öllum, himneski faðir! að vjer finnumst í þessara tölu. Styrk oss til alls góðs æfinlega. Gef oss náð til, að vjer gjörum þinn vilja, svo að vjer fáum með þjer að lifa eilíflega. Meðan vjer erum í heiminum, þá geym þú vor við illu, en þegar þú kallar oss hjeðan, þá fullkomna þitt verk; meðan vjer erum í heiminum, viljum vjer gefa þjer dýrðina, sem tilheyrir þjer einum, en þegar þú kallar oss hjeðan, þá gef oss þá dýrð, sem þú hefur þínum útvöldu fyrirbúið frá upphafi veraldar. Heyr oss og bœnheyr, himneski faðir, fyrir þinn son, vorn drottin, Jesúm Krist. Amen.

III.

GRAFSKRIPT.

†

Hjer hvílir
hinnstum blundi
prestskonan Madame **Rannveig J. M. Thórarensen,**
fædd Sivertsen.
Hún fæddist 27. d. októberm. 1820,
giptist 26. d. ágústm. 1854
Stefáni Thórarensen,
og andaðist 23. d. júním. 1856.

Mjúkur er nú
þinn moldarbeður,
því að guðs hönd
gröf þjer reiddi;
sætir munu draumar
og svefninn vær,
því að sakleysi
og siðprútt hjarta,
ástin eilífa

og ótti drottins
lífs föruneyti
leiddrar gæta.
En á gröf þína
ástheit tár
harmi fegins
hrynja maka.

Hrörnar líf,
heimar kvíða,
hverfur allt í allt;
en í guðs skauti
glaðar fagna
leystar sálir
lífgjöf dýrri.

G. Thórarensen.

IV.

MINNINGARLJÓÐ

eptir

Rannveigu J. M. Thórarensen.

1.

Sárt er að þreyja, sárt að skilja;
sárt er að horfa á leiði þitt,
og harma þunga þó að dylja;
— það er hið stranga hlutfall mitt.
Hvenær mun faðir himna vilja,
hjartanu þessu að verði fritt? —

Sárt er að þreyja; holdið hjúpi
hulið er moldar, bleikt og kalt,
en yfir þessu þagnardjúpi
þollausum fótum stend eg valt.
Á jeg að halda af himni drjúpi
huggun ei nein, er missi' eg allt?

Finn eg þá ekki friðun neina?
Faðir, æ, jú! eg missti' ei allt:
þig hef jeg enn, og ætíð eina,
ei sem mig, Dauði! ræna skalt,
minningu lífsins helga' og hreina,
holdið um stund þó blundi kalt.

Man jeg þitt, Rannveig! hreinast hjarta,
hjartað það tryggva', er gafstu mjer,
man jeg það æ, hve blíðan bjarta
blessuð mig gagntók, öll frá þjer;
þó móti bljesi' eg kunni ei kvarta,
nú kvarta eg: hjartað brostið er. —

Man jeg þitt auga angurblíða,
ef að þú heyrðir nokkurs kvein;
man jeg þig hrærða, fljóðið fríða!
fagnandi vesals græða mein.
Man eg þig hörmung marga líða,
man, þá hve dyggðin fagurt skein.

En það er dyggð, ef veittu' er varið
vel sínu pundi', og bet'r en þú
gáfu með sína' ei gat neinn farið,
guði því jafnan varstu trú,
hjelzt það til enda', er hafðir svarið,
hvíldina að launum þiggur nú.

því höndin sig til vinnu vandi,
vizku nam sálin, svo að hjer
var engin kona á Ísalandi,
af sem í menntum bæri þjer;
hjá guði nú þinn auðgast andi,
ætíð sem þangað lypti sjer.

Og nú er þögn, því gröfin geymir
og guð það ljós, er varð of bjart
augunum sumra; en enginn gleymir,
að ást og fegurð var þitt skart,
já, allt frá drottni' er ofan streymir
í anda mannsins, gott og þarft.

Og nú er þögn, — en þrútið dynur
þrungnum af augum harmatár,
foreldrar, systkin! fögur hrynur
fórn yðar, guð veit hún er sár!
Harmanna þinna', er varst oss vinur,
votar mun drottinn þerra brár.

Líf mitt, hvar ertu? hans í hendi,
hreina sem kallar böli frá.
Hvar ertu, Dauði! einhver endi
andvörpum þessum verður á.
Ó, jeg hef von, að loks jeg lendi
á landinu drottins barni hjá.

Því er og bezt að þegja, og bíða,
þangað til lífið veitist mjer;
ei verður tíminn lengi að líða,
lífið og gleðin nálæg er.
Ó, hve vjer brátt við endann tíða
englanna' í tölu mætum þjer!

St. Thórarensen.

2.

Athgr. Vegna þess, að greinin í blaðinu „Norðra“, 4. árg., bls. 55., er í nánu sambandi við versið, sem henni fylgir þar, auk þess, að grein þessi er ekki síður sönn, en hún er fögur, þá leyfir útgefandinn sjer, að láta prenta hjer síðara hluta hennar á undan versinu sjálfu.

— Því betur sem hver og einn þekkti hana, því meira harmdauða er hún öllum, því hún hafði til að bera alla þá kosti, er kvennmann mega prýða. Gáfurnar voru ágætar, lunderníð blítt og ástúðlegt, og geðið stillt og kjarkmikið. Hún var einhver hin hagasta kona á voru landi á allar hannyrðir, kunni afbragðsvel söng og hljóðfæraslátt, og skildi og talaði útlendar tungur.

En þú, hin skæra sumarsól,
sem að þó önnur blómin vekur,
hví hið blíðasta burt þú tekur,
sem hverjum vorra unað ól?

þú varst af öfund orðin myrk
og óttaðist skinið hennar bjarta.
Veiztu þá ei, að víf mun skarta
þjer fegri' á himni, helg og styrk?

Sveinn Skúlason.

Tvö vinakvæði

til útgefarans,

St. Thórarensens,

1856 og 1857.

Reykjavík.
Í prentsmiðju Íslands, hjá E. Þórðarsyni.
1857.

1.

Hreggi vetur harður grætur,
hrynur grjót úr brúnum fjalla,
svíða tár á sárri kinn;
þannig drottinn löngum lætur
líða sína skepnu alla,
kveinstaf má hún kveða sinn.

Fugl í lopti saklaus sveimar,
sjer með vængja leikur blaki,
himinfrelsi örfast af;
en, því konu á hann heima,
einatt hann með gleðikvaki
lofgjörð syngur guði', er gaf.

Heim hann snýr að hreiðri glaður,
horfna sjer hann kvon og unga;
sorta slær af sorg að brá;
grimmur eða góður maður
gjalla lætur skotið þunga;
gleði' og sorg er endir á.

Sárast líður sekur maður;
sælan þúsund kvalir geymir,
hryggðin undir brosi býr;
gröf oss reiðir gleðistaður,
grátinn hug til ástar dreymir,
vakinn harmur vefur nýr.

Óttinn mitt í hlátri hræðir,
heptir kvíðinn orð á vörum;
missir fylgir öllum auð,

ástin, gleðin, allt oss mœðir,
allir vjer, þá hjeðan förum,
liðið höfum nóga nauð.

Ein er vonin huggun hrelldum,
hana oss vor faðir sendi
svo ei skyldum sigrast vjer;
manni bendir sorgum seldum
sæla, geymd í drottins hendi;
allir þrá, en enginn sjer.

Sjávarmaður sjer, í voða,
sín hvar bíður hrædd á landi
sú, er hann í brjósti ber;
þá í gegnum brim og boða
ber hann djarfur upp að sandi;
vonin honum vegur er.

Svo nú þín á sælu-jörðu
sú þig elskar jafnan bíður,
aldrei hefur augu' af þjer;
burtu þig frá böli hörðu
báran hver, sem fram hjá líður
heim í leið til hennar ber.

Boða milli ber samt háan,
byrgir fyrir sjónum þínum
fagra strönd og frelsað víf;
sigldu djarfur einmitt á hann,
óhætt mun, þó skipi týnum,
samt oss ber í land með líf.

2.

Elskaði vinur, þú minnist þá mín;
minnist jeg aptur og hugsa til þín,
hugsa nú til þín í harmi.
Jeg er í andanum allur hjá þjer,
áfangastaðar þar leita jeg mjer
grafinnar grafar á barmi.*

Þar sástu hverfa hið ljúfasta ljós,
lífinu kærast, þá fegurstu rós,
sem vex ekki aptur á vori;
þar stóðstu grátinn með harmstungnum hug,
hjartað var titrandi', en vantaði dug
fótinn, að sporna' í því spori.

En tár þín, sem runnu á rótaða mold,
er reifað var jörðu hið andvana hold,
þau hnigu þó helgum að straumi,
og glatast þar ekki, en ummyndan ná,
svo inndælt mun verða þau dýrðleg að sjá
að loknum þeim dauðlega draumi.

Gröf heyri' eg opnast og guðs sonar raust
gjalla, sem þrumu', er úr skýjunum brauzt,
en dauðir af dvalanum rísa.
Tár þau, er streymdu, þars önd kvaddi önd,
sem unaðar-perlur við himneska strönd,
lífsins í vatni þá lýsa.

---

*) Brjefið með kvæði þessu er skrifað mjer 1857 „að Hraungerði". Útg.

Lbs - Íslandssafn

100438738 - 3

